

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	2/10 2017
Málsnr:	1704103
Bréfal:	580-2

**Fundargerð**  
**10. eigendafundar SORPU bs.**  
**Skrifstofa SSH, mánudaginn 4. september 2017, kl. 11:30**

Mætt:

**f.h. eigenda SORPU bs.:**

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg  
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi  
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæ  
Haraldur Líndal Haraldsson, Hafnarfjarðarbæ  
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæ  
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogsbæ

**frá stjórn SORPU bs.:**

Halldór Auðar Svansson, Reykjavíkurborg, stjórnarformaður  
Rósa Guðbjartsdóttir, Hafnarfjarðarbæ  
Guðmundur Gísli Geirdal, Kópavogsbæ

Ennfremur sátu fundinn Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri SORPU bs., Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs SORPU bs., Ármann Kr. Ólafsson stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár.

**1. mál: Rekstrarúttekt byggðasamlagsins**

- a) Fyrir lá tillaga að forsendublaði vegna meginpáttar í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2018. Birgir Björn Sigurjónsson fór yfir og skýrði helstu þætti:

**1. Ytri forsendur:**

Ytri forsendur fyrir fjárhagsáætlunum byggðasamlaga SSH fyrir tímabilið 2018-2022 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 31. maí sl.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar						
Breytingar milli ársmeðaltala %	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Einkaneysla	6,9	5,2	3,4	2,9	2,8	2,5
Samneysla	1,8	1,3	1,2	1,8	1,8	1,8
Fjármunamyndun	9,8	4,0	2,7	2,9	4,8	4,6
Útflutningur vöru og þjónustu	8,4	4,1	3,4	3,9	3,0	2,4
Innflutningur vöru og þjónustu	9,6	5,8	3,3	3,8	3,9	3,1
Verg landsframleiðsla	6,0	3,3	2,8	2,7	2,6	2,5
Vísitala neysliverðs	1,9	2,7	2,9	2,7	2,6	2,5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	-14,1	-3,1	-0,3	0,0	0,0	0,0
Launavísitala	6,7	6,5	5,9	4,6	4,3	4,2

Einnig eru lagðar fram forsendur fjármálaskrifstofu um þróun vísitölu neysliverðs innan ársins 2017 og 2018 þ.e. á milli ársloka 2016 og 2017 annars vegar og ársloka 2017 og 2018 hins vegar.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar		
Breyting milli ársloka (%)	2017	2018
Vísitala neysliverðs innan ársins	2,10	3,05

## 2. Forsendur um gjaldskrárbreytingar:

Almennt er miðað við að gjaldskrár sveitarfélaga og stofnana þeirra taki mið af kostnaðinum við að veita þjónustuna og að gjaldskrár hækki að öðru óbreyttu með sama eða svipuðum hætti og verðlag.

## 3. Forsendur um afkomu

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlunir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlaga sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64 greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skulu í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærri fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

## 4. Forsendur um fjárfestingar og lántökur

Gert er ráð fyrir að áform um fjárfestingar og fjármögnun þeirra verði borin undir eigendur til samþykktar.

## 5. Forsendur um hagræðingartillögur

Niðurstöður rekstrarúttektar á vegum félagsins og stjórnar SSH f.h. eigenda liggja fyrir. Gert er ráð fyrir að tillit verði tekið til hagræðingartillagna við gerð fjárhagsáætlunar 2018 og fimm ára áætlunar félagsins í samræmi við niðurstöður eigendafundar.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að ofangreint verði lagt til grundvallar við mótun fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins fyrir árið 2018

- b) Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra Sorpu bs. vegna rekstraráætlunar byggðasamlagsins 2018 -2022.

Björn Halldórsson framkvæmdastjóri SORPU gerði grein fyrir þróun á magntölum í starfsemi SORPU bs, vaxandi flæði úrgangs inn á endurvinnslustöðvar, hvers er að vænta í þeim eignum og fleiri þáttum sem hafa munu áhrif á rekstraráætlun byggðasamlagsins á komandi ári.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SORPU bs. mun móta endanlega tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins sem byggir á a) og b) hér að framan og leggja hana fram á eigendafundi sem haldinn verður eftir 2 vikur.

## **2. mál: Fyrirkomulag plastsöfnunar á starfssvæði SORPU**

Stjórnarformaður SORPU bs. vakti máls á mismunandi fyrirkomulagi við söfnun plasts hjá einstökum sveitarfélögum og kallaði eftir umræðum um málið.

Umræður.

Fram kom m.a. að ekki hefur náðst samstaða eða skýr niðurstaða úr vinnu starfshóps sem settur var til að skoða þetta mál. Ennfremur var upplýst að fyrirkomulag í móttökustöð SORPU kallar ekki sérstaklega á samræmingu, enda sé einungis um valkost að ræða sem stendur sveitarfélögunum til boða en útilokar ekki aðrar leiðir.

Niðurstaða:

Ekki er talin þörf á meiri samræmingu söfnunarinnar vegna hlutverks SORPU bs. við móttöku á plastúrgangi frá sveitarfélögunum, en málið er í áframhaldandi skoðun, m.a í tengslum við vinnu starfshóps á vegum sveitarfélaganna.

## **3. mál: Gas- og jarðgerðarstöð – staða verkefnisins**

Framkvæmdastjóri SORPU bs. gerði grein fyrir stöðu mála, fór yfir tímasetningar og kynnti niðurstöður úr hugmyndakeppni 3 arkitektastofa að mögulegri hönnun og útliti væntanlegrar gas- og jarðgerðarstöðvar.

Jafnframt var farið yfir áætlaða þörf á nýjum stofnframlögum eigenda vegna verkefnisins á næstu árum.

Umræður

Framkvæmdastjóri SORPU bs. vakti athygli á þörf á viðbrögðum þar sem starfsleyfi vegna urðunarstaðar í Álfsnesi er að renna út.

Upplýst var um stöðu viðræðna við Sorpstöð Suðurlands og eigendur Kólku um möguleika á auknu samstarfi og verkaskiptingu við móttöku og förgun úrgangs.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 12:55

Páll Guðjónsson, fundarritari.

